

MENNINGARSAMNINGUR

Mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra gera með sér svofelldan

S A M N I N G

um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál.

1. Markmið

Með samningnum er styrkveitingum ríkis og sveitarfélaganna til menningarstarfs beint í einn farveg til að efla slíkt starf á Norðurlandi vestra og gera það sem sýnilegast.

Markmið samningsins eru að:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í listum og menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði lista og menningar.

2. Menningarráð Norðurlands vestra

Sveitarfélögin standa að Menningarráðinu í samræmi við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna.

Hlutverk Menningarráðs er meðal annars að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á Norðurlandi vestra og standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun á sviði lista.

Ráðið úthlutar styrkjum til menningarverkefna samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir. Einnig hefur það eftirlit með framkvæmd verkefna sem það styrkir. Ráðinu er heimilt að veita allt að 50% af úthlutunarfé til stofn- og/eða rekstrarstyrkja til starfsemi á sviði lista og safna.

Menningarráð skal skipað fimm fulltrúum og skulu fjórir þeirra kosnr á ársþingi SSNV samkvæmt samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra. Fimmti fulltrúinn skal skipaður af stjórn SSNV. Við tilnefningar í ráðið skal gæta þess að í því sitji konur og karlar sem þekkja vel til lista- og menningarstarfs á landinu sem og á svæðinu.

Menningarráði er heimilt að verja hluta samningsfjárhæðar til menningarfulltrúa og það setur honum starfslysingu. Kostnaður við starfsemi ráðsins og menningarfulltrúa skal greiddur af því fé sem veitt er til samnings þessa.

3. Fjármögnun samningsins

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til 24.093 þús.kr.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti leggur til 6.5 m.kr. eyrnamerktar menningartengdri ferðaþjónustu.

Sveitarfélögin leggja sameiginlega til að lágmarki 40% af framlagi ráðuneytanna sem er 18,546 þús.kr., utan þess sem ætlað er til stofn- og rekstrarstyrkja allt að 12.046 þús.kr. af framlagi mennta- og menningarmálaráðuneytis. Framlög skulu greidd inn á reikning Menningarráðs með mánaðarlegum jöfnum greiðslum.

Samningsaðilar skulu vinna að því að auka ráðstöfunarfé Menningarráðs hvort heldur er með framlögum frá einkaaðilum eða með eigin framlögum.

4. Meðferð styrkumsókna

Menningarráð skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki til verkefna. Ráðið gerir skriflega samninga við styrkhafa. Í þeim skulu koma m.a. fram markmið verkefna, skyldur styrkhafa og hvað verður lagt til grundvallar þegar árangur verkefnis er metinn. Upplýsingar um styrkhafa og verkefni skulu vera aðgengilegar á vefsíðu ráðsins.

5. Önnur framlög ríkisins til menningarmála

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að menningarstofnanir, félög og einstaklingar sem njóta styrkja á grundvelli þessa samnings sækji um styrki í aðra opinbera sjóði á sviði menningar.

Samningur þessi tekur hvorki til framlaga ríkisins til byggðasafna, náttúruminjasafna eða listasafna á grundvelli safnalaga nr. 141/2011 né héraðsskjolasafna á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með síðari breytingum.

6. Árskýrsla og ársreikningur

Menningarráð skal fyrir lok aprílmánaðar senda aðilum samnings þessa ársreikning fyrir liðið ár ásamt árskýrslu. Þar skal meðal annars sundurliða framlög ríkis og sveitarfélaga, gera grein fyrir ráðstöfun þeirra og fjalla um árangur með tilliti til markmiða í 1. gr. samningsins.

7. Ágreiningur, uppsögn og endurskoðun

Telji einhver samningsaðila að aðrir aðilar samnings uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur hann gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.


8. Gildistími, þróun mælikvarða og árangursmat

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2014. Á árinu skulu samningsaðilar skoða forsendur fyrir frekara samstarfi og skal þeirri vinnu lokið fyrir 15. október nk.


9. Lögsaga

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kann vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningur þessi er gerður í tweimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Gjört í maí 2014



Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra



Bjarni Jónsson
formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Sigurður Ingi Johannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra